

ÁKVÖRÐUN SAMEGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 33/2023

2023/EES/77/05

frá 17. mars 2023

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2077 frá 27. október 2022 um tilnefningu á tilvísunarmiðstöð Evrópusambandsins sem ber ábyrgð á vísindalegu og tæknilegu framlagi til að koma á og samræma aðferðir til varðveislu búfjárkynja í útrýmingarhættu og til varðveislu erfðafræðilegrar fjölbreytni sem er fyrir hendi innan þessara búfjárkynja (¹).
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr og dýraafurðir á borð við egg, fösturvísá og sæði. Löggjöf á þessu sviði gildir ekki gagnvart Íslandi eins og fram kemur í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Íslandi.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 4) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKJUD EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 37. lið (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1940) í hluta 2.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

- „38. **32022 R 2077:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2077 frá 27. október 2022 um tilnefningu á tilvísunarmiðstöð Evrópusambandsins sem ber ábyrgð á vísindalegu og tæknilegu framlagi til að koma á og samræma aðferðir til varðveislu búfjárkynja í útrýmingarhættu og til varðveislu erfðafræðilegrar fjölbreytni sem er fyrir hendi innan þessara búfjárkynja (Stjtíð. ESB L 280, 28.10.2022, bls. 10).“

Ákvæði þessarar gerðar gilda ekki gagnvart Íslandi.“

2. gr.

Texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2022/2077, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, er gildur á norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 18. mars 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

(¹) Stjtíð. ESB L 280, 28.10.2022, bls. 10.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 17. mars 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.